



HÉRAÐSDÓMUR
REYKJAVÍKUR

ÚRSKURÐUR

2. júlí 2010

Mál nr. G-555/2010:
Krafa Bráðabirgðastjórnar Byrs sparisjóðs
um að félagið verði tekið til slitameðferðar

Dómari: Jón Finnbjörnsson héraðsdómari

Ú R S K U R Ð U R

Héraðsdóms Reykjavíkur föstudaginn 2. júlí 2010 í máli nr. G-555/2010:

**Krafa bráðabirgðastjórnar Byrs sparisjóðs
um að félagið verði tekið til slitameðferðar.**

Bráðabirgðastjórn félagsins hefur krafist þess með bréfi sem barst dóminum 1. júlí sl., að Byr sparisjóður, kt. 610269-2229, Borgartúni 18, Reykjavík, verði tekinn til slitameðferðar.

Í beiðni segir að hinn 22. apríl sl. hafi Fjármálaeftirlitið ráðstafað eignum og skuldum sparisjóðsins á grundvelli VI. ákvæðis til bráðabirgða í lögum nr. 161/2002. Þá hafi eiginfjárstaða sjóðsins verið undir lögboðnum mörkum um talsverðan tíma. Honum hafi þegar á árinu 2009 verið veittur frestur til að bæta eiginfjárstöðu sína.

Bráðabirgðastjórn sjóðsins, sem skipuð var sama dag, kveðst hafa rætt við kröfuhafa og sé ljóst að sjóðurinn muni ekki geta staðið að fullu í skilum við lánardrottna og að nauðasamningur muni ekki verða gerður. Þá telur hún ekki fært að leita til stofnfjáreigenda um frekari framlög stofnfjár. Telur stjórnin sér því skylt að óska slitameðferðar á sparisjóðnum samkvæmt 3. tl. 2. mgr. 101. gr. laga nr. 161/2002.

Ljóst er af framlögðum gögnum og greinargerð bráðabirgðastjórnarinnar að Byr sparisjóður er ekki fær um að standa í fullum skilum við lánardrottna sína og að ekki er von til þess að það breytist í fyrirsjáanlegri framtíð. Þá er ósennilegt að önnur úrræði komi að notum. Ber því samkvæmt 101. gr. laga nr. 161/2002 að taka félagið til slitameðferðar.

Ú r s k u r ð a r o r ð

Byr sparisjóður, kt. 610269-2229, er tekinn til slitameðferðar.

Jón Finnbjörnsson

Samkvæmt 4. mgr. 101. gr. laga nr. 161/2002, sbr. 5. gr. laga nr. 44/2009, eru hæstaréttarlögmennirnir Eva B. Helgadóttir og Árni Ármann Árnason, og Ágúst Kristinsson, löggiltur endurskoðandi, skipuð til starfa í slitastjórn Byrs sparisjóðs.

Dómþingi slitið.

Jón Finnbjörnsson

Vottur:

Hulda Júlía Sigurðardóttir.

Rétt endurrit staðfestir:

Héraðsdómi Reykjavíkur, 2. júlí 2010.

A handwritten signature in blue ink is written over a circular official seal. The seal features a central coat of arms and is surrounded by the text "HÉRAÐSDÓMUR REYKJAVÍKUR" in blue capital letters.